



Aðlögunarsamningur í sauðfjárrækt

Hvað er aðlögunarsamningur í sauðfjárrækt?

-Í kjölfar verðhruns afurða í greininni haustið 2017 var samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar endurskoðaður, m.a. til þess að stuðla að jafnvægi framboðs og eftirspurnar á markaði með sauðfjárafurðir. Í tengslum við þessa endurskoðun gerðu Bændasamtök Íslands, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra með sér samkomulag sem m.a. heimilar að gerðir verði aðlögunarsamningar við framleiðendur sem tilbúnir eru að hætta eða draga úr sauðfjárþúskap og reyna fyrir sér með nýja starfsemi. Samkomulag þetta var staðfest á Alþingi 15.maí 2019.

-Útfærsla aðlögunarsamninga var síðan nánar skilgreind í reglugerð sem undirrituð var af landbúnaðarráðherra 6. ágúst 2019 (reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr.1262/2018 um stuðning við sauðfjárrækt).

Hvert er markmið reglugerðarinnar?

-Nýr kafli bætist við reglugerð nr.1262/2018 (VII.kafli) með fyrirsögninni „Aðlögunarsamningar.“ Þar er markmiðið að fækka vetrarfóðruðum kindum í heild sinni. Fækkunin skal þó með aðlögunarsamningum vera að hámarki 10% árið 2019 frá því sem var í haustskýrslu 2016 í Bústofni á landinu öllu. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun, Búnaðarstofu liggur fjöldinn kringum 7.800 vetrarfóðraðar kindur.

Hvað er samningstíminn langur?

-Framleiðendur sem gera aðlögunarsamning árið 2019 fá gildan samning frá 1.1.2020 sem varir í fjögur ár, út árið 2023.

Hverjir eiga rétt á að sækja um?

-Þeir aðilar sem nú þegar njóta opinberra greiðslna vegna sauðfjárræktar OG ætla að fækka fé um 100 vetrarfóðraðar kindur eða meira OG ætla að hefja nýja starfsemi.

Hvað er átt við með nýrri starfsemi?

-Skilyrði fyrir aðlögunarsamningi er að byggð verði upp ný búgrein á búinu eða að breytt verði um þúskaparhætti eða að viðkomandi hasli sér völl á öðrum sviðum, m.a. til að stuðla að nýsköpun og náttúruvernd. Nýja starfsemin má vera starfrækt að hluta á annarri bújörð í sama eða nærliggjandi sveitarfélagi.

Hver eru önnur skilyrði og kvaðir?

- Framleiðandi skuldbindur sig til að hafa lögheimili og fasta búsetu á lögbýlinu á samningstímanum.
- Halda skal jörðinni í góðu ásigkomulagi á samningstímanum (viðmiðunarreglur umhverfispáttar viðauka III í reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/20835>).
- Samningi er þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð og gildir út samningstímans (ráðherra hefur heimild til að aflétta slíkri kvöð).
- Samningur er framseljanlegur milli aðila á jörðinni, t.d. við breytingar á eignarhaldi eða ábúð jarðar.
- Fækka vetrarfóðruðum kindum að lágmarki um 100. Skila þarf fé með fullorðinsnúmeri til slátrunar fyrir lok fyrsta árs samningsins.
- Fara út í nýja/aðra starfsemi og skila árlegri skýrslu um framvindu hennar (markmið og vörður) í árslok á hverju ári samningstímans til Matvælastofnunar, Búnaðarstofu.
- Fjölga ekki fé á vetrarfóðrun á samningstímanum.
- Ekki er heimilt að viðkomandi kaupi greiðslumark á samningstímanum

Hvert er viðmið fækkunar hjá umsækjanda?

- Miðað er við fjárfjölda haustskýrslu ársins 2018 og lokastöðu við haustskýrslu árið 2020.
- Skýrsluhaldsupplýsingar verða hafðar til hliðsjónar á gildistíma samnings þessu til eftirfylgni.

Hver er forgangsröðunin, ef til kemur?

- Fjöldi aðlögunarsamninga sem gerðir verða á árinu 2019 er takmarkaður.
- Komi til umframeftirspurnar njóta umsækjendur sem hyggjast fara út í verkefni tengd sauðfjárafurðum forgangs, ásamt þeim framleiðendum sem hyggjast hætta sauðfjárbúskap alfarið.

Hvaða greiðslum heldur umsækjandi?

- Framleiðandi sem fækkar fé umfram ásetningshlutfall greiðslumarks heldur beingreiðslum út samningstímans eins og ekki hafi verið um fækkun að ræða. Að samningstíma loknum fellur umrætt greiðslumark niður (sjá nánar 36. grein reglugerðarinnar).

Dæmi: Framleiðandi með 200 fjár og 100 ærgilda greiðslumark fækkar um 150 fjár skv. samningi. Ásetningshlutfall sem nemur **0,7** gerir framleiðanda kleift að halda beingreiðslum ef viðkomandi er með 71 vf. kind (50/0,7). Skv. samningi heldur framleiðandinn 50 vf. kindum en ekki 71 eins og ásetningshlutfallið veitir heimild til. Fyrir vikið fellur greiðslumark sem nemur 28,6 ærgildum (100-71,4) niður í lok samnings.

Dæmi: Framleiðandi með 200 fjár og 100 ærgilda greiðslumark fækkar um 150 fjár skv. samningi. Ásetningshlutfall sem nemur **0,6** gerir framleiðanda kleift að halda beingreiðslum ef viðkomandi er með 83 vf. Kindur (50/0,6). Skv. samningi heldur framleiðandinn 50 vf. kindum en ekki 83 eins og ásetningshlutfallið veitir heimild til. Fyrir vikið fellur greiðslumark sem nemur 16,7 ærgildum (100-83,3) niður í lok samnings.

- Framleiðandi heldur gæðastýringagreiðslum á samningstíma og er viðmiðið framleiðsla sl. tveggja ára í samræmi við hlutfallslega fækkun fjárins (sjá nánar 37.

grein reglugerðarinnar). Á sama tíma skal hann standast skilyrði gæðastýringar samhliða (sé hann ekki að hætta í greininni).

-Framleiðandi verður áfram réttthafi svæðisbundins stuðnings á gildistíma samnings, óháð hvort hann fækki eða hætti (sjá 21. grein reglugerðarinnar í heild sinni <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1262-2018>).

-Greiðslur vegna býlisstuðnings eru undanskildar samningi og falla út fari fjöldi vetrarfóðraðra kinda undir 100. Verði eftir sem áður fjöldi vetrarfóðraðra kinda umfram 100 er býlisstuðningurinn skv. töflu 2 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, bls.8 (<https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/Saudfe.pdf>).

-Greiðslur vegna ullarnýtingar falla ekki inn í samning og falla út sem nemur hlutfallslegri fækkun fjárins.

-Opinberar greiðslur vegna sauðfjárræktar eru í samræmi við samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar og ákvæði reglugerða þar að lútandi sem væntanlegum umsækjendum er bent á að kynna sér enn frekar

(<https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/Saudfe.pdf> og reglugerð 1262/2018).

Hvernig er aðlögunarsamningi fylgt eftir?

-Matvælastofnun, Búnaðarstofa annast eftirlit og eftirfylgni og gengur úr skugga um að skilyrði séu uppfyllt auk þess að meta framvindu nýrrar starfsemi.

-Matvælastofnun, Búnaðarstofu er heimilt að rifta samningum sé um verulegt samningsbrot að ræða með tilheyrandi endurgreiðslu fjármuna.

-Hafi forsendur brostið fyrir fyrirhugaðri nýrri/annarri starfsemi getur framleiðandi óskað eftir uppfærslu eða breytingum í áætlun sinni um starfsemina.

-Hið opinbera ber kostnaðinn af eftirlitinu.



**Framleiðnisjóður
landbúnaðarins**